

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélagini Árborg.

Deiliskipulag lóðarinnar Hraunlist (Krían), Eyrarbakka.

Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar 10. desember 2014 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Hraunlist (Krían), Eyrarbakka.

Deiliskipulagið tekur til lóðarinnar Hraunlist (Krían), Eyrarbakka. Ráðgert er að gera nýja aðkomu og bílastæði sem mun tengjast Gaulverjabæjarvegi (33) með að- og frárein. Þar er gert ráð fyrir a.m.k. 6 bílastæðum, þar af einu sérmerktu hreyfihömluðum, ásamt plássi fyrir fólksflutningabíla. Bílastæðin verða við veginn, en þó utan helgunarsvæðis hans.

Frá bílastæðunum kemur u.þ.b. 200 m langur og 2,5 m breiður göngustígur að listaverkinu Kríunni. Við listaverkið er svo ráðgert að koma upp hellulögðu áningarsvæði skv. nánari umhverfisskipulagi og listaverkið verði upplýst. Einnig er hugmynd að gera minni stíga innan trjáræktarreitsins og koma upp grasflót til dvalar og leikja.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting lóðarinnar Austurvegur 69, Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti tillögu að breytingu á deiliskipulagi Austurvegar 69, Selfossi 13. maí 2015. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti tillöguna 4. mars 2015.

Deiliskipulagsreiturinn markaðist af Laugardælalandi mótt norðri og austri, mótt suðri af lóðamörkum við Austurveg og mótt vestri af lóðamörkum við Laugardælaveg.

Austasti hluti reitsins er innan marka Flóahrepps. Samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna er lóðin skráð undir Sveitarfélagið Árborg en lýtur þó skipulagslegri forsogn beggja. Lóðin skiptist í eftirtalin lóðanúmer 69, 69a, 69b, 69c og 69d.

Helstu breytingar á gildandi skipulagi eru þær að núverandi aðkoma að lóðunum verður felld niður og ný aðkoma verður frá hringtorgi sem er við Austurveg og Gaulverjabæjarveg.

Núverandi lóð nr. 69a skiptist í tvennt vegna vegar sem tengist Laugardælavegi og hluti lóðarinnar sameinast lóð 69b. Sett er kvöld á lóð 69c um aðkomu og byggingarreitur er sýndur. Byggingarreitur á lóð 69 er staðkkaður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 29. október 2015.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.